

Vestmannaeyjum 15. nóvember 2010

Hr. Geir Gunnlaugsson
landlæknir

Með vísan til boðaðra niðurskurðaaðgerða við Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja í tengslum við fjárlög fyrir árið 2011 fer Vestmannaeyjabær hér með fram á að landlæknir láti tafarlaust fara fram öryggisúttekt fyrir þjónustuvæði stofnunarinnar. Óskað er eftir því að fulltrúi Vestmannaeyjabæjar verði þátttakandi í þeirri vinnu.

Óskað er eftir því að í úttektinni verði greint hvaða áhrif boðaður niðurskurður kæmi til með að hafa á getu Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja til að veita bráðþjónustu sem og almenna lækningaþjónustu. Greina þarf áhrif fyrir fæðingaþjónustu og hvort – og þá hversu lengi- verðandi mæður þyrftu að flytjast búferlum til að eiga börn sín fjarri heimili sínu. Þá er og óskað eftir því að fram komi kostnaðarauki fyrir bæði notendur þjónustu, sjúkraflug og fyrir rekstur Landspítala ef veita á þjónustu þar. Mikilvægt er einnig að fjallað verði um getu Landspítalans til að taka við þeim mikla fjölda sem beina yrði þangað ef niðurskurður á landsbygðinni verður að veruleika.


Vestmannaeyjabær hefur þá einörðu trú að ekki sé annað verjandi en að Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja verði skilgreind sem umdæmissjúkrahús skv. 18. gr. laga um heilbrigðisþjónustu enda stofnuninni falið slíkt hlutverk vegna landfræðilegrar sérstöðu. Farið er fram á afstöðu landlæknis til þeirrar afstöðu Vestmannaeyjabæjar.

Sérstaka áherslu ber að leggja á rýnivinnu er lítur að breytingum á þeirri viðbragðsgetu er snýr að alvarlegum slysum í Vestmannaeyjum og á aðliggjandi hafsvæði. Þar með er óskað eftir upplýsingum um hvernig það verður tryggt að einstaklingur er verður fyrir slysi fái bestu mögulegu aðhlyningu tafarlaust. Slíkt hið sama á við um bráðþjónustu eins og hjartaáföll, heilablóðföll, kransæðaköst og önnur alvarleg tilvik.

Að lokum er óskað eftir því að sérstaklega verði fjallað um getu Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja til að gegna því hlutverki sem henni er ætlað í almannavörnum sveitarfélagsins. Undir það fellur almenn neyðarþjónusta í einangraðri eyjabýggð þar sem stór hluti vinnur við hættulegar og erfiðar aðstæður. Af sjálfsögðu þarf úttektin að miða við þá staðreynd að samgöngur við Vestmannaeyjar liggja niðri rúmlega hálfan sólarhringinn, jafnvel þegar aðstæður eru hinar ákjósanlegustu.

Gera þarf ráð fyrir að niðurstöðum verði skilað til Vestmannaeyjabæjar svo fljótt sem verða má.

Óskað er eftir staðfestingu á móttöku þessa erindis og upplýsingum um framvindu mála svo fljótt sem verða má.



Elliði Vignisson
bæjarstjóri í Vestmannaeyjum

Afrit sent á: Heilbrigðisráðherra
Heilbrigðisnefnd alþingis
Þingmenn Suðurlands
Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja